

# SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

UPPLÝSINGAR & STJÓRNSÝSLA



# STARFSFÓLK SKRIFSTOFU SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



**Eiríkur H. Hauksson, sveitarstjóri**

**464-5500 & 894-4776**

sveitarstjori@svabardsstrond.is



**Harpa Halldórssdóttir, skrifstofustjóri**

**464-5500**

harpa.halldorsdottir@svabardsstrond.is



**Björn Ingason, húsvörður & umsjónarmaður fasteigna**

**464-5500 & 862-3104**

bjorn@svabardsstrond.is

## OPNUNARTÍMI SKRIFSTOFU

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps er að jafnaði opin virka daga frá 10:00-12:00 og 13:00-15:00. Sú staða getur komið upp að enginn sé við á skrifstofu á opnunartíma.

## SVEITARSTJÓRN 2014 – 2018

**Oddviti** Valtýr Hreiðarsson | Sunnuhlíð | valtyr.hreidarsson@gmail.com  
**Varaoddviti** Guðfinna Steingrimsdóttir | Litla-Hvammi 2 | gudfinna@svabardsstrond.is  
Ólafur Rúnar Ólafsson | Laugartúni 2 | olafur@kjarnafaedi.is  
Anna Karen Úlfarsdóttir | Klöpp | anna.karen@svabardsstrond.is  
Halldór Jóhannesson | Smáratúni 1 | skuld@internet.is

## SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Fundir sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps eru haldnir í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Fundir sveitarstjórnar eru auglýstir á vef sveitarfélagsins og eru öllum opnir til áheyrnar.

**SKRIFSTOFA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS | Sími 464-5500 | Fax 461-2054**  
postur@svabardsstrond.is | www.svabardsstrond.is | Ráðhúsið, 601 Akureyri  
**Kennitala 640269-2279 | Bankareikningsnúmer 0162-26-075801**



# SKÓLAR

## ÁLFABORG / VALSÁRSKÓLI

Í Svalbarðsstrandarhreppi er rekinn leikskóli, grunnskóli og tónlistaskóli undir einni stjórn. Skólastjóri er Inga Sigrún Atladóttir.

Í skólanum eru börnin á aldrinum 9 mánaða til 16 ára. Leikskólinn er opinn frá 07:30 til 16:15 og grunnskólinn opnar 7:45. Í grunnskólanum er kennt í þremur deildum; 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk.

Í leikskólanum eru tvær deildir ungbarnadeild fyrir allra yngstu börnin og önnur deild fyrir þau eldri. Boðið er upp á skólavistun fyrir nemendur í 1.-4. bekk í samvinnu við leikskólann og auk þess sem boðið er upp á skipulagt félagsstarf utan skólatíma (félagsmiðstöð).

Í tónlistardeildinni er boðið upp á fjölbreytt tónlistarnám. Rétt til hljóðfæranáms hafa allir grunn- og framhaldsskólanemar með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi

[valsarskoli@svabardsstrond.is](mailto:valsarskoli@svabardsstrond.is)

[svabardsstrond.is/alfaborg-valsarskoli](http://svabardsstrond.is/alfaborg-valsarskoli)

462-4901/462 3104

# SUNDLAUG

Upplýsingar um opnunartíma ár hvert má fá á skrifstofu hreppsins.

Aðgangur á opnunartíma er ókeypis.

Upplýsingar um leigu á sundlauginni utan opnunartíma fást á skrifstofu hreppsins.



## AÐGANGSREGLUR

*Börn yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri.*

*Miðað er við afmælisdag barns. Hver fullorðinn má hafa með sér tvö börn, nema ef um foreldri/forráðamann sé að ræða, þá má hafa fleiri.*

## SÖFN

### BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin. Umsjónarmaður er Anna María Snorradóttir.

Netfang bókasafnsins er lestrarfelag@svalbardsstrond.is.

Hægt er að leita í nýrri bókakosti safnsins á [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is).

### SAFNASAFNIÐ

Safnasafnið var stofnað 1995 af Magnhildi Sigurðardóttur og Nielsi Hafstein í Þinghúsinu á Svalbarðsströnd. Safnasafnið annast fjölbreytt lista- og menningarstarf sem hefur vakið drjúga athygli, heima og erlendis og hefur um árabíl átt samstarf við skólana í sveitarfélaginu.

[safngeymsla@simnet.is](mailto:safngeymsla@simnet.is) | [www.safnasafnid.is](http://www.safnasafnid.is) | 461-4066

## ÍPRÓTTA-, TÓMSTUNDA-, OG ÆSKULÝÐSSTARF

Börn og unglingar eiga rétt á niðurgreiðslu á ípróttu-, tómsunda- og æskulýðsstarfi ár hvert.

Upplýsingar um þá má finna á [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

# FÉLÖG

Kvenfélag Svalbarðsstrandar | Hanna Dóra Ingadóttir | 845-4362

UMF Æskan | Starri Heiðmarsson | 663-2650

Kirkjukór Svalbarðskirkju | Hólmfríður Freysdóttir | 462-6382

Björgunarsveitin Týr | Þorgils Guðmundsson | 462-2368

Skógræktarfélag Svalbarðsstrandar | Agnes Blöndal | 862-4776

Sögufélag Svalbarðsstrandar | Svavar Páll Laxdal | 462-1675

## SORPHIRÐA

Sorphirða í Svalbarðsstrandarhreppi er í höndum Íslenska gámafélagsins. Sorp er flokkað í þrjá meginflokka, lífrænan úrgang, endurvinnanlegan úrgang og almennt sorp til urðunar. Almenna sorpinu og lífræna úrganginum er safnað annan hvern fimmtudag en endurvinnanlegum úrgangi er safnað á fjögurra vikna fresti. Sorpi er safnað á fimmtudögum, nema fimmtudagurinn sé almennur frídagur eða ef veður hamlar sorphirðu.

Svalbarðsstrandarhreppur leggur hverju heimili til tvær 240L tunnur og 35L ílát fyrir lífrænan úrgang. Gráa tunnan er fyrir almennt sorp og tunnan með græna lokinu er fyrir endurvinnanlegan úrgang (endurvinnslutunna). Ílátid fyrir lífrænan úrgang fellur inn í gráu tunnuna. Lífræna úrganginum skal safnað í maísþoka sem svo er hent í hólfið.

Sorpgámar eru staðsettir á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Gámarnir eru ætlaðir öllum þeim sem borga sorphirðugjald í sveitarfélaginu, þ.e. heimilum, sveitabæjum og notendum frístundahúsa. Á gámasvæði í Kotabyggð (við Veigastaðaveg) er gámur fyrir almennt sorp, endurvinnanlegan úrgang og lífrænan úrgang. Á gámasvæðinu á eyrinni eru gámar fyrir almennt sorp, brotamálma, timbur, dagblöð og bylgjuþappa. Þeir sem setja rusl í gámana eru beðnir að flokka rétt svo ávinningurinn af flokkuninni tapist ekki.

## SNJÓMOKSTUR

Svalbarðsstrandarhreppur greiðir fyrir snjómokstur til elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu. Reglur má finna á [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)



## FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA

Í Svalbarðsstrandarhreppi er fjölþætt félagsleg þjónusta í boði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á að aðgangur sé á hverjum tíma að ráðgjafarþjónustu í fremstu röð á sviði félagsmála og er meðal annars höfð náin samvinna um ýmis málefni sem þetta varðar við nágrannasveitarfélög við Eyjafjörð. Þá hefur Svalbarðsstrandarhreppur einnig gert sérstaka samninga við Akureyrarbæ um þjónustukaup, sem og um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, svo dæmi séu nefnd.

### ALMENN RÁÐGJÖF UM RÉTTINDI

Fjölskyldudeild Akureyrarkaupstaðar veitir alla almenna ráðgjöf um réttindi og möguleika einstaklinga með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi á sviði félagsmála. Sími Fjölskyldudeildar er 460-1420.

### HEIMILISÞJÓNUSTA

Elli- og örorkulífeyrisþegum stendur til boða aðstoð við heimilisstörf sem þeir geta ekki eða illa sinnt sjálfir. Sótt skal um þjónustuna til Búsetudeildar Akureyrarkaupstaðar, sem sér um að meta þjónustuþörfina. Sími Búsetudeildar er 460-1410 en einnig má senda erindi og fyrirspurnir á [afgreidslabusetudeild@akureyri.is](mailto:afgreidslabusetudeild@akureyri.is).

Þegar mat Búsetudeildar liggur fyrir er verkefnum úthlutað til starfsmanna Svalbarðsstrandarhrepps sem sjá um að veita þjónustuna.



## FERLIÐJÓNUSTA

Svalbarðsstrandarhreppur veitir þeim elli- og örorkulífeyrisþegum ferliþjónustu sem ekki geta ekið sjálfir til læknis, í endurhæfingu, dagvist o.þ.h. Einnig getur ferliþjónusta átt við um innkaupaferðir og aðrar ferðir sem nauðsynlegar geta verið til að viðkomandi geti búið í heimahúsi. Sótt skal um ferliþjónustu til félagsmálanefndar Svalbarðsstrandarhrepps.

## FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Tekjulágum einstaklingum er tryggð lágmarksframbærsla með fjárhagsaðstoð. Jafnframt geta tekjulágir einstaklingar sótt um fjárhagsaðstoð ef óvæntur kostnaður leiðir til bágrar fjárhagsstöðu tímabundið. Sótt skal um fjárhagsaðstoð til Fjölskyldudeildar Akureyrarkaupstaðar, sem sér um að meta þörf viðkomandi fyrir aðstoð. Fjölskyldudeildin getur jafnframt leiðbeint um rétt fólks til annarrar aðstoðar og veitt almenna ráðgjöf í fjármálum fjölskyldna. Sími fjölskyldudeildar er 460-1420.

## FÉLAGSLEGT HÚSNÆÐI

Svalbarðsstrandarhreppur á félagslega leiguíbúð sem ætluð er til að leysa bráðan húsnæðisvanda íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu. Ef íbúðin er í útleigu reyna starfsmenn sveitarfélagsins að aðstoða við lausn húsnæðisvanda með öðrum hætti. Hægt er að óska eftir aðstoð í húsnæðismálum á skrifstofu sveitarfélagsins eða fyrir milligöngu Fjölskyldudeildar Akureyrar.



## **SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR**

Sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur er á Svalbarðsströnd, undir hlíðum Vaðlaheiðar við austanverðan Eyjafjörð. Sveitin er um 14 km frá norðri til suðurs. Undirlendi er lítið syðst og þar setja hjallar sterkan svip á landslagið. Er undirlendi talsvert þegar utar dregur.

Landnámsjörð sveitarinnar er Sigluvík þar sem Norðmaðurinn Skagi Skoptason nam land að ráði Helga magra.

Mörg undanfarin ár hefur íbúum fjölgað og þann 1. Janúar 2015 voru þeir 414.“ . Um helmingur íbúa eða 190 býr í þéttbýlinu á miðri ströndinni, Svalbarðseyri. Þar hafa oft á tíðum verið töluverð umsvif og ýmsir aðilar verið þar með rekstur eins og verslun og síldarsöltun að ógleymdum umsvifum Kaupfélags Svalbarðseyrar, KSP. Í dag er Kjarnafæði með mikla starfsemi þar.

Í þéttbýlinu eru grunn-, leik- og tónlistarskólar, íþróttaaðstaða, sundlaug og skrifstofa hreppsins. Á síðustu árum hefur verið ásókn í búsetu syðst í hreppnum. Bæði er um að ræða frístundahús og íbúðarhús til fastrar búsetu. Nábylið við Akureyri gerir það að verkum að íbúar sækja mikið í þjónustu þangað en samstarf er mikið á milli sveitarfélaganna, báðum til hagsbóta.